

Starfsáætlun 2020



GRÆNNI
BYGGÐ
GREEN BUILDING
COUNCIL ICELAND

Inngangur

Í þessu skjali er farið yfir það helsta sem er áætlað í starfsemi Grænni byggðar fyrir árið 2020.

Helstu markmið 2020:

- Koma niðurstöðum rannsóknarverkefna frá 2019 á framfæri við hagsmunaaðila
- Vinna verkefni: Leiðbeiningar til húsfélaga um umhverfisvænan rekstur / Loftgæði og leikskólar
- Styrkjar tengsl við aðildafyrirtækin
- Vinna að BREEAM viðauka fyrir Ísland
- Taka þátt í og styrkja tengsl og miðlun við World Green Building Council – Evróputengslanet og norrænt tengslanet
- Skipuleggja Dag Grænni byggðar
- Skipuleggja fræðslufundi/opna umræðu fundi
- Stofna formlega Vinnustofu Grænni byggðar í samstarfi við aðildafélög
- Vinna markvisst með Heimsmarkmiðin fyrir hið byggða umhverfi
- Styrkja fjárhagsgrundvöll Grænni byggðar og möguleika á að vera með tvo starfsmenn
- Skrifa greinar í blöðin
- Styrkja stefnumótun Grænni byggðar og fagleg áhrif – fara yfir aðildapróun hjá WGBC (prospective to emerging level)
- Vera virk í að hvetja og aðstoða stjórnvöld varðandi sjálfbærni stefnu fyrir hið byggða umhverfi - fylgja eftir aðgerðaráætlun í loftslagsmálum
- Finna nýtt húsnæði

Um Grænni byggð

Grænni byggð er vettvangur um vistvæna þróun byggðar. Við erum aðilar að alþjóðlegu samtökunum [World Green Building Council](#). Hlutverk okkar er að veita hvatningu og fræðslu um sjálfbæra þróun byggðar með það að markmiði að umhverfisáhrif frá mannvirkjagerð, -rekstri og niðurrifi séu lágmarkuð.

Grænni byggð skipuleggur fræðsluviðburði, gefur út fræðsluefni og tekur þátt í rannsóknar- og þróunarverkefnum.

Grænni byggð tekur virkan þátt í erlendu samstarfi við systursamtök sín, sérstaklega á norðurlöndum, í gegnum stefnumótun, verkefni og viðburði.

Stefnumótun

Á starfsárinu 2020 verður unnið að áframhaldandi stefnumótun félagsins þar sem áhersla verður lögð á Heimsmarkmiðin, vinnustofur, fjárhagslega hvata, loftslagsmál og hringrásarhagkerfið. Einnig verður í samráði við aðila hvort að félagið eigi að vinna að því að styrkja aðild félagsins að móðursamtökunum World Green Building Council (WGBC), eða að fara úr byrjanda stigi, eða „prospective level“ yfir í upprennandi stig eða „emerging level“.

Ýmsar leiðbeiningar fyrir rekstur Green Building Councils eru hluti af slíkri aðildabreytingu, félagið þarf að vera með eigin skrifstofu, starfsmann í fullu starfi, skýra lýðræðislega stefnumótun, hafa fjölbreytt aðildafélög og fjárhagsgrundvöll. Ákvörðun um þetta skref verður tekinn á aðalfundi félagsins 2020.

Rekstur

Framkvæmdastjóri sér um allan almennan rekstur, verkefnisstjórnun og kynningarmál auk þess að taka þátt í norrænu samstarfi fyrir hönd Grænni byggðar og sinna verkefnastjórnun. Framkvæmdastjóri starfar í nánú samstarfi við stjórnarformann og stjórn félagsins. Áætlað er að framkvæmdastjóri verði að

vinna um 85% starfshlutfall árið 2020 og að hjá félaginu starfi starfsnemar í hlutastarfi, hluta af árinu. Gert er ráð fyrir því að fyrri hluta árs verði skrifstofan til húsa við Laugarveg 176, huga þarf að nýju skrifstofuhúsnæði á árinu

Aðilafélög

Aðilarnir eru grundvöllur starfsemi Grænni byggðar. Í dag eru um 45 aðildafélög að Grænni byggð. Á árinu 2020 verður eftir sem áður unnið að því að fjölga aðilum og halda áfram góðu samstarfi og samráði við núverandi aðila. Stjórnarformaður heldur áfram að heimsækja aðildafélög Grænni byggðar 2020, en á starfsárinu 2019 heimsótti stjórnarformaður, Ragnar Ómarsson, fjölmörg aðildafélög.

Viðburðir 2020

Hér er sett fram tímasetningar viðburða með fyrirvara um breytingar en það ætti að gefa nokkra hugmynd um starfsemina:

- 24 febrúar: Hádegisafmælisfundur Grænni byggðar.
- 29. apríl. Námskeið um sjálfbærni í bygginariðnaði með IÐUNNI
- 7. Maí Morgunfundur um BREEAM viðauka, gegnum Zoom.
- 24-28 júní: HönnunarMars – samstarf við Arkitektafélag Íslands og Félag íslenskra landslagsarkitekta um sýninguna: Hamfarahlýnun, og hvað svo? Haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur. Björn Guðbrandsson hjá Arkís vinnur að sýningunni fyrir Grænni byggð.
- 27. Ágúst Rafhjólavæðingin á Íslandi, Hádegisfundur í samstarfi við Grænu Orkuna.
- 10 september í Ráðhúsi Reykjavíkur, Dagur Grænni byggðar.
- 11. September aðalfundur Grænni byggðar.
- 15-18 október - Þátttaka í sýningunni Verk og Vit

Mögulegir viðburðir, óstaðfestir:

- ✓ Morgunfundur um endurnýtt efni í byggingariðnaði.
- ✓ Morgunfundur með Eignaumsjón – Grænn rekstur húsfélaga.
- ✓ Fundur um orkunotkun bygginga og BREEAM in use.
- ✓ Morgunfundur um grænar fjárfestingar í byggingariðnaði með Iceland SIF.

- ✓ Þáttaka í lifum betur – í boði náttúrunnar 18-20 september.
- ✓ Hálf dagsráðstefna um hringrásarhagkerfið í bygginariðnaði.
- ✓ Samstarf við grasrótarsamtök um Co-housing -í Reykjavík
- ✓ Grænna skipulag eftir Covid19

Grænni byggð heldur gjarnan fyrirlestra fyrir aðildafélög t.d. á hádegisfundi, á opnum fundum og málstofum um málefni sem tengjast starfsemi okkar.

Samstarf

Það er mikilvægur þáttur fyrir starfsemi og áhrif Grænni byggð að vera virkur þáttakandi í samstarfi við aðildafyrirtæki og fyrirtæki og opinbera aðila sem vinna að málefnum tengdum byggingariðnaði og skipulagsmálum. Einnig við umhverfissamtök eða hagsmunasamtök sem starfa að svipuðum markmiðum og Grænni byggð. Einnig verður áfram unnið að því að eiga gott samstarf við systurfélög á Norðurlöndunum. Grænni byggð tekur þátt í norrænum samstarfsvettvangi sem er stýrður af Húsnæðis og mannvirkjastofnun á Íslandi: Working group LCA, climate and buildings. Grænni byggð hefur einnig verið í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun varðandi að finna leiðir að mögulegum framhaldsverkefnum úr niðurstöðum rannsóknarverkefna 2019.

Innri starfsemi og verkefni

Innri starfsemi Grænni byggð hefur undanfarin ár farið fram í starfshópum um skilgreind og/eða styrkt verkefni. Áfram leitað verður eftir faglegu samstarfi við aðila og styrkjum til einstakra verkefna. Tvö verkefni hafa fengið styrki nú þegar, verkefnið: Loftgæði og leikskólar fékk 500.000 kr í styrk frá Reykjavíkurborg og verkefnið Grænni rekstur fjölbýlishúsa fékk 500.000 kr styrk frá Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Stjórn

Stjórn Grænni byggðar hittist reglulega og eru ekki ráðgerðar breytingar á fyrirkomulagi stjórnarfunda en að meðaltali hefur stjórn fundað 8-10 sinnum á ári. Stjórnarfundir eru hins vegar haldnir eins oft og nauðsynlegt þykir til þess að halda starfseminni gangandi í þeim farvegi sem óskað er hverju sinni. Virk stjórn er afar mikilvæg fyrir alla starfsemi Grænni byggðar. Á aðalfundi 2020 verður kosið um fjögur sæti í aðalstjórn. Sjá meira um stjórnarmeðlimi í ársskýrslu 2019.

Markaðssetning / kynningarefni

Unnið verður að því að kynna niðurstöður rannsóknarverkefna frá 2019 á árinu og unnið áfram að því að efla fræðslustarf í gegnum samfélagsmiðla, heimasíðu, fundi og viðburði.

Fjárhagsáætlun

